

KIRKJUGARÐARÁÐ

65. fundur haldinn 13. október 2008 í fundarsal Biskupsstofu.

Mætt voru: Ragnhildur Benediktsdóttir skrifstofustjóri og formaður ráðsins, Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarðaráðs, Þórsteinn Ragnarsson forstjóri KGRP, fulltrúi Kirkjugarðasambands Íslands, Smári Sigurðsson fulltrúi Kirkjubings, og Kristín Huld Sigurðardóttir fulltrúi Fornleifaverndar ríkisins sem ritaði fundargerð. Valtýr Valtýsson sveitarstjóri, fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, boðaði forföll.

Gestir: Gestir fundarins voru Stefán Örn Stefánsson arkitekt, Jóhannes Ingibjartsson frá Kirkjuráði og Höskuldur Sveinsson arkitekt hjá Kirkjumálasjóði.

1. Setning fundar

Fundur var settur kl.13.20.

2. Stefán Örn Stefánsson kynnti hönnun þjónustuhúss við kirkjugarðinn í Hvalsnesi auk fleiri kirkjugarða

Árið 2002 var kynntur bæklingur með tillögum að nokkrum gerðum þjónustuhúsa, sem unninn var fyrir Skipulagsnefnd kirkjugarða. Hefur verið stuðst við þær tegundir víða í kirkjugörðum landsins, við gerð þjónustuhúsa á undanförunum árum.

Á fundinum kom fram að Kirkjuráð mun eingöngu styðja byggingu smærri þjónustuhúsa á næstunni.

Til stendur að stöðva allar stórar framkvæmdir eins og kirkjubyggingar og stór þjónustuhús.

Kristín Huld vakti athygli á að reikna yrði með vinnu fornleifafræðinga vegna allra framkvæmda í og við kirkjugarða. Fornleifavernd ríkisins mun upplýsa sóknarnefndir um málið.

3. Jarðskjálftaskemmdir á Suðurlandi

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir málinu. Viðgerð á kirkjugarðsveggnum við Kotströnd er lokið. Hún kostaði 7 millj. kr. Kirkjugarðsstjórnin átti fyrir verkinu, en hafði ætlað að nýta fjármagnið til að stækka garðinn.

Skemmdir urðu í kirkjugarðinum á Eyrarbakka. Matsmaður mun fara þangað og meta skemmdirnar.

4. Lýsing hjá kirkjugörðum Keflavíkur

Framkvæmdastjóri kynnti erindi vegna lýsingar hjá kirkjugörðum Keflavíkur. Þar var sett lýsing fyrir 6 árum. Hún hefur skemmt og er því nauðsynlegt að setja upp nýja lýsingu. Framkvæmdastjóri mun kanna hvort ekki hefur verið farið eftir

teikningu hönnuðarins. Kirkjugarðurinn hefur hug á að sækja um styrk vegna ljósa í kirkjugarðinn og verður tekið á málinu á úthlutunarfundi.

5. Námskeið í Rangárvallaprófastsdæmi og Skaftafellsprófastsdæmi

Kynnt var dagskrá fundar 22. október n.k. á Kirkjubæjarklaustri. KGSÍ mun senda bréf út til prófastsdæmanna.

6. Næsti fundur

Næsti fundur verður 10. nóvember kl. 13:00.

Fundi slitið kl. 15:00.

Ragnildur Benediktsdóttir,
formaður

Kristín Huld Sigurðardóttir,
ritari